

531

LAXÁ Á ÁSUM 1992

Tumi Tómasson

Hólum júní 1992

VMST-N/92002



Snaeseidargæmsalan
Laxá á Ásum
(N-V)

VEIÐIMÁLASTOFNUN – NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki

LAXÁ Á ÁSUM 1992

INNGANGUR

Dagana 10. og 11. júní voru seiðastofnar Laxár á Ásum kannaðir með rafveiðum. Veitt var á sömu eða svipuðum stöðum og undanfarandi ár, nema nú var ekki veitt í rafveituskurðinum (staður 8). Alls var því veitt á 11 stöðum þessu sinni (Mynd 1).

Mikið vatn var í ánni og því var ekki alltaf mögulegt að veiða alla breidd árinna. Eins var þá veitt á svæðum sem höfðu verið þurr árið áður. Því má búast við að veiðin hafi verið fremur lág, og í sumum tilfellum lægra hlutfall stærri seiða (>2+) en ella.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2. Í heildina má segja að ástand seiðastofna sé viðunandi, en það er þó töluvert breytilegt innan árinna.

Efri Laxá

Í rafveiðunum 1991 fundust engin vorgömul seiði í Efri Laxá, en nú brá svo við að seiði úr klaki 1991 fundust í töluverðu magni bæði á stað 2 og 3. Það er því ekki heppilegt að sleppa seiðum á þetta svæði nú. Síðastliðið sumar var gott vatn í efri hluta Neðri Laxár og því eru líkur á að lax hafi gengið fram ána og því alls óvíst hvort þörf verði á sleppingum næsta sumar.

Á efsta staðnum, rétt fyrir neðan Svínavatn, fundust einungis 2+ seiði. Seiðin í Efri Laxá voru öll væn, en þó áberandi vænst á stað 1 þar sem framleiðsla fæðudýra er mikil vegna lífræns reks úr vatninu. Stærstu seiðin voru komin í göngubúning. Það er þó slæmt að þarna skyldi vanta 1+ seiði því uppeldisskilyrði fyrir lax eru ekki fullnýtt á þessum kafla árinna. Þarna mætti sleppa smáseiðum af stofni árinna nú í sumar.

Þess er þó að vænta að 1+ seiði muni nema þar land í einhverjum mæli síðar í sumar.

Þótt vel líti nú út með laxastofnin í Efri Laxá fer mikið eftir því hvernig klak kemst upp í sumar.

Til að tryggja samfelldan uppgang laxastofna í Efri Laxá tel ég að taka þyrfti klaklax í haust til sleppingar næsta sumar. Verði náttúruleg nýliðun nægileg, mætti nýta seiðin til sleppingar í Sléttuá og Svínadalsá.

Neðri Laxá

Á stað 4, skammt fyrir neðan útfallið úr Laxárvatni, voru seiðin sérlega væn og vöxtur góður. Þarna ná seiðin gönguproska á 2-3 árum sem er mjög gott. Við slík skilyrði skilar framleiðslugeta árinna sér vel í gönguseiði.

Neðar er vöxtur seiðanna mun hægari og á stöðum 5 og 6 er gönguseiðaaldurinn nú 3-4 ár. Þá virðist gönguseiðaframleiðslan vera nokkuð góð í sumar, en þar gæti stefnt í óefni ef næsti árgangur verður stór. Ég tel sérlega mikilvægt að reyna að halda hrygningu á þessu svæði í skefjum í haust.

Rafveituskurðurinn skilar tiltölulega hlýju og næringarauðugu vatni í Laxá. Þetta kemur fram í miklum þörungagróðri og góðum vexti seiða. Seiðin á stað 7 eru mun stærri miðað við aldur og vænni en á stöðum 5 og 6. Þarna ná sum seiði gönguproska á 2 árum.

Skilyrði til veiða voru sérstaklega erfið á stöðum 7 og 1 og því var hlutfall stærri seiða í veiðinni líklega mun lægra en ella. Á stað 9 voru seiðin sem veiddust þó almennt rýr og þéttleiki því of mikill til að viðhalda góðri gönguseiðaframleiðslu.

Ástandið er betra neðantil í ánni og þar bendir samanburður við veiðarnar s.l. sumar til að gönguseiðaframleiðsla í vor hafi verið með betra móti.

ÁLYKTANIR

Ástand seiðastofna er almennt gott og framvinda mála í Efri Laxá lofar góðu. Þó er full ástæða til að vera vel á verði og gera ráðstafanir til að tryggja eins og kostur er að áin skili góðri gönguseiðaframleiðslu. Laxastofn árinna þolir vel aukið veiðiálag, og slíkt er reyndar forsenda þess að bæta gönguseiðaframleiðsluna í vissum hlutum árinna. Ég hef á undanförunum árum lagt fram tillögur um ræktun og nýtingu laxastofns árinna. Þar eru helstar:

- * Gera þarf ráðstafanir til að tryggja aukna og jafna laxaframleiðslu í Efri Laxá og jafnvel í ánum sem falla í Svínavatn. Fyrir utan að auka umferð laxa um alla ána má búast við að hlutfall tveggja ára laxa myndi aukast og þá um leið yrðu sveiflur á milli ára ekki eins stórar. Ég tel að það sé þess virði að hafa 5-10 000 smáseiði árlega næstu árin sem nýta mætti í Efri Laxá og/eða fyrir framan Svínavatn eftir því sem ástæður eru til á hverju ári. Í sumar legg ég til að sleppt verði um 4-5000 seiðum í efstu hluta Laxár, frá Svínavatni og á um 1.5-2 km kafla.
- * Á undanförunum árum hefur lax verið frekar tregur til að ganga fram ána, en hefur leitað því meir í rafveituskurðinn, enda hefur mest af vatninu farið þar um. Þó var ástandið mun betra sumarið 1991 en oft áður og í sumar er útlitið einnig gott. Þessu þarf þó að gefa gætur áfram til að laxinn dreifist eðlilega um ána yfir veiðitímann og komist fram í Efri Laxá. Ekki virðist vera grundvöllur til að breyta farvegi rafveituskurðarins


né útfalli hans í Laxá til að bæta uppeldisskilyrði fyrir seiði í skurðinum og til að minnka aðdráttarafl hans fyrir lax sem á uppruna sinn í Efri Laxá.

- * Sjálfsagt er að auka veiðiálagið og má gera það með ýmsu móti. Verði heimild til þess í lögum mætti lengja veiðitíma og ég tel að Veiðifélagið ætti enn að sækja um slíka framlengingu í "tilraunaskini". Ef slíkt fæst ekki væri til bóta að lengja veiðitíman um 1-2 vikur.
- * Einnig ætti Veiðifélagið að hugleiða hvort ekki gæti verið hagkvæmt að fjölga stöngum. Fjölgun veiðistaða og bættar samgöngur við ána myndu einnig auka veiðiálagið. Netveiðar á haustin að veiðitíma loknum gætu einnig verið til bóta einkum á þeim svæðum sem sérstaklega er getið um í skýrslu þessari.


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Laxá á Ásum 10. 11. ágúst 1992.

Fjöldi veiddra laxa, urriða og bleikjuseiða á hverja 100 m²

Stöð nr	Stærð m	Lax				Urr	Bleikja
		1+	2+	3+	4+		
1	30x12	-	3.6	0.2	-	0.8	2.5
2	25x12	4.0	8.6	-	-	1.3	-
3	50x10	4.2	0.6	-	-	3.4	-
4	30x20	7.5	3.8	0.2	-	-	-
5	35x17	4.4	3.9	2.0	0.5	-	-
6	25x10	6.4	13.2	2.0	-	-	0.4
7	70x6	8.5	8.5	1.2	-	-	3.1
9	35x7	25.8	7.5	0.8	-	0.4	-
10	30x7	19.0	2.8	-	-	-	-
11	40x15	4.5	5.1	1.2	-	-	-
12	40x7	11.8	6.4	-	-	-	0.7



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreyfing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum
10.-11. júní 1992.